

From: [Ása Valdís Árnadóttir](#)
To: [Fundur GOGG](#)
Subject: 18. mars 2026
Date: miðvikudagur, 4. mars 2026 14:19:26
Attachments: [image001.png](#)

Ályktun um fjármögnun landsúrræðis í málefnum fatlaðs fólks – Sólheimar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vísar til fyrirbyggjandi úttektar á rekstri félagsþjónustu sveitarfélagsins (október 2024), þar sem fram kemur að 45 íbúar á Sólheimum voru búsettir í sveitarfélaginu og námu þá 8,3% af íbúafjölda þess miðað við stöðu í janúar 2024. Miðað við íbúafjölda sveitarfélagsins í dag nemur hlutfallið um 6,25%, á meðan meðaltal á landsvísu er 0,41%.

Ljóst er að Sólheimar eru í reynd landsúrræði í málefnum fatlaðs fólks, þar sem íbúar koma alls staðar að af landinu.

Sveitarstjórn telur að núverandi fyrirkomulag fjármögnunar og kostnaðarskiptingar taki ekki nægilegt mið af þessari sérstöðu og leiði til þess að óhóflegur kostnaður falli á eitt sveitarfélag.

Sveitarstjórn leggur því áherslu á:

Að kostnaður vegna akstursþjónustu við íbúa Sólheima verði greiddur úr sameiginlegum sjóði sveitarfélaga á landsvísu eða með sérstakri ríkisjöfnun.

Að stuðningsþjónusta (liðveisla) við íbúa Sólheima falli undir sameiginlega fjármögnun þjónustusvæðis eða lands.

Að gerð verði sérstök greining á stöðu landsúrræða í málefnum fatlaðs fólks og mótuð verði heildstæð stefna um fjármögnun þeirra.

Að ríkisvaldið taki þátt í lausn málsins í samræmi við þá staðreynd að um landsþjónustu er að ræða.

Sveitarstjórn óskar eftir að Bergisinn bs. taki málið formlega upp innan byggðasamlagsins með það að markmiði að mótuð verði sameiginleg afstaða aðildarsveitarfélaganna og óskað eftir formlegum viðræðum við ráðuneytið um fjármögnun landsúrræða í málefnum fatlaðs fólks.

Bestu kveðjur

Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti

Sími: 480-5500

Netfang: oddviti@gogg.is

Veffang: www.gogg.is

Borg 805 Selfoss

[Skilmálar/Disclaimer](#)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

